

6. desember 2023

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.

Grímsnes- og Grafningshreppur innheimtir gjald fyrir fráveitu og meðhöndlun seyru í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt um fráveitur og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi nr. 1018/2009.

2. gr.

Stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennislagna frá lóðarmörkum húseiganda við fráveitukerfi sveitarfélagsins sem og hlutdeild í stofnkostnaði aðliggjandi fráveitukerfis skal vera sem hér segir:

Tegund húsnæðis	Gjald 2024	Skýring
Einbýli, par og raðhús	283.979 kr.	Á hverja íbúð
Fjölbýlishús	250.000 kr.	Á hverja íbúð
Önnur mannvirki en íbúðir	1.762 kr.	0,6% af verðgrunni fyrir gatnagerðargjald á fermetra leyfilegs byggingarmagns lóðar.
Gjaldskrá miðast við byggingarvísitölu, grunnur 2021 = 117,6 í febrúar 2024 og uppfærast janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni sem hagstofa gefur út fyrir desember árið áður.		

3. gr.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins. Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,27% af álagningarstofni húss. Hámarksálagning á íbúðarhús er kr. 57.558. Sé ekkert mannvirki á lóð greiddist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

4. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi. Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:
Rotþró kr. 15.572,-

5. gr.

Fyrir hverja aukalosun, að beiðni eiganda, greiddist skv. gjaldskrá losunaraðila. Aukahreinsun á rotþró í tengslum við aðra hreinsun kr. 42.972 ásamt kr 583 þóknun fyrir hvern ekinn kílómetra.

Aukahreinsun á rotþró sem sérferð kr. 102.661 ásamt kr. 583 þóknun fyrir hvern ekinn kílómetra.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 6. desember 2023 er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og á grunni samþykktar nr. 1018/2009 um fráveitur og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir fráveitu og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi nr. 1579/2021.

Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri.
